Fullgild rafræn undirskrift
KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR KRÖYER
2026-11-03 10:19:43 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MARÍA SVAVARSDÓTTIR
2026-11-03 10:22:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Malbikunarstöð Akureyrar
Geislagötu 9
Ísland

3.11.2026, Reykjavík
UOS-3266

Efni: Reglubundið eftirlit þann 28. ágúst 2026 hjá Malbikunarstöð Akureyrar

Þann 28. Ágúst 2026 fór fram reglubundið eftirlit í Malbikunarstöð Akureyrar, Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjögur ný frávik komu fram er varða:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
mgr. 3, gr. 62 í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Frávikið var skráð: 28.8.2026 Rekstraraðila er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits Umhverfis- og orkustofnunar *Rekstraraðili hefur ekki skilað upplýsingum um olíuskiljur á svæðinu til stofnunarinnar.* *Umbeðnar upplýsingar bárust stofnuninni 5. október 2026.*	**Lokað · 5.10.2026**
gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi	Frávikið var skráð: 8.10.2025 Öruggar mengunar- árekstur- eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur olíugeyma *Lífolía er geymd á svæðinu í bömbum ekki í lekabittu og án árekstrarvarna.* *Búið var að fjarlægja alla bamba í eftirlitinu 28. ágúst 2026.*	**Lokað · 28.8.2026**
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 28.8.2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi	**Opið**

	Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í grein 3.8. Í skýrslu fyrir árið 2025 kom fram að NOX og ryk var ekki mælt.	
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 8.10.2025 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki árlega en oftar ef vafi leikur á að kröfur í grein 3.11 séu uppfylltar. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfis- og orkustofnunar. Engum niðurstöðum úr mælingum á olíu í fráveituvatni hefur verið skilað til stofnunarinnar.* *Niðurstöður mælinga úr fráveituvatni bárust stofnuninni 5. október 2026.*	**Lokað · 5.10.2026**

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en **24. Nóvember 2026.**

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer
Sérfræðingur í teymi eftirlits

María Svavarsdóttir
Sérfræðingur í teymi eftirlits